

AUGLÝSING

um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum á árunum 1994 og 1995.

Sameiginlega EES-nefndin tók 44 ákvarðanir á árinu 1994 og 75 ákvarðanir á árinu 1995 um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 þar sem samningurinn er birtur. Ákvarðanirnar og þær EB-gerðir sem vísað er til í þeim hafa birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindum, sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.

Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku í fylgiskjali með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 31. desember 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal (sjá hefti Stjórnartíðinda 1996).